

61

17. ágúst

Vextir af fje þessu greiðast okkur hjónum árlega meðan annaðhvort okkar er á lífi.

3. gr.

4. gr.

Eftir andlát okkar hjóna skulu allir vextirnir lagðir við höfuðstólinn í 20 ár. Að þeim tíma liðnum skal úthluta $\frac{3}{4}$ vaxtanna til fátækra manna í Gaulverjabæjarhreppi, og skal sækja um styrk úr sjóðnum og veita styrki úr honum að öllu leyti eftir sömu reglum sem úr hinum almenna Ellistyrktarsjóði.

5. gr.

$\frac{1}{4}$ — einn fjórði — hluti vaxtanna leggist áfram árlega við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 25,000 — tuttugu og fimm þúsund — krónur. Eftir þann tíma má verja öllum vöxtunum eins og segir í 4. gr. Þó má halda lengur áfram að hækka sjóðinn álitist það heppilegt.

6. gr.

Hreppstjóri Gaulverjabæjarhrepps ásamt þeim mönnum í hreppnum, sem úthluta hinu árlega ellistyrktarsjóðsfje hreppsins, skulu hafa umsjón með sjóðnum og ráða styrkveitingum úr honum.

7. gr.

Skýrslu yfir umsóknir og styrkveitingar úr sjóðnum skal senda sýslumanni Árnassýslu ásamt reikningi hreppsins hvert ár, skal hann yfirskoða reikninga sjóðsins ár hvert. Almanaksárið er reikningsár sjóðsins.

8. gr.

Sjóðurinn skal ávalt ávaxtaður á öruggum stað.

62

24. ágúst

REGLUGJÖRÐ

fyrir

Vestur-Barðastrandarsýslu um eyðing bandorma í hundum.

1. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi sýslunnar er falið á hendur að annast um lækningu á hundum, eins og henni þykir best við eiga, og útnefna sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn, eftir stærð eða þjettbýli hreppanna, og skulu allir þeir, er þannig eru skipaðir til að annast um lækningu á hundum, skyldir til að hlýða undantekningarlaust ákvæðum hreppsnefndarinnar.

2. gr.

62

24. ágúst

Skyldur skal hver hundeigandi á sinn kostnað, að hafa helsileðuról á hundum sínum, með áletruðu nafni hundsins og heimilisins á málmplötu, er fest sje á ólina. Rjettdræpur er sá hundur innan sýslufjelagsins, er ekki ber slíkt helsi, ef ekki er sannanlegt, að hann hafi verið merktur slíku og eigandi hans ekki leitt sig að honum innan mánaðartíma.

Merkingu skal lokið innan árs, eftir að reglugjörðin öðlast gildi.

3. gr.

Lækning á hundum skulu hreppsnefndir láta fara fram 20. dag nóvembermánaðar ár hvert í öllum hreppum sýslunnar, en ef það er helgidagur, þá næsta virkan dag þar á eftir.

4. gr.

Sjerhver eigandi er skyldur að flytja hund sinn eða hunda, þriggja mánaða eða eldri, á þann stað, er lækningamaður eða hreppsnefndir skipa, að minsta kosti hálfum sólarhring áður en á að gefa hundinum inn. Sje hundi skotið undan lækningu, varðar það sektum, en valdi gild forföll, að hundur komi ei til lækningar, skal eigandi sjá um, að honum sje komið til lækninga hið allra fyrsta að hægt er, enda sje hundeiganda skylt að tilkynna lækningamanni slík forföll. Sje flækingshundur eða hundar á einhverju heimili, þegar hundahreinsun fer fram, skulu húsráðendur skyldir að koma þeim til lækninga.

5. gr.

Lækningar skulu fara fram í úthýsi, en þó ekki í penings- eða heyhúsum og skal lækningunni hagað þannig: Í hálfan sólarhring skal hafa hundinn inni og má hann engan mat eða drykk fá á meðan, síðan skal gefa hundinum inn þau meðöl, er dýralæknir álitur heppilegust. Ef hundurinn selur upp meðalinu, skal honum gefið inn aftur.

Þegar meðalið hefir verkað, þó ekki fyr en 6 klukkust. eftir að síðasta hundinum hefir verið gefið inn, skal baða hvern hund úr baðefni, er dýralæknir skipar fyrir um. Það, er gengur niður af hundinum, skal hreinsa vandlega upp og brenna, eða grafa í jörð, $1\frac{1}{2}$ meter djúpt.

6. gr.

Sýslunefnd annast um, að ætíð sjeu til næg meðöl í vörslum hreppsnefnda á þeim tíma, er lækning á hundum á fram að fara, eftir framtali hreppstjóra að viðbættum $\frac{1}{5}$.

7. gr.

Lækningamaður haldi bók, er hreppsnefndir leggi til, og skal í hana skrá nöfn allra þeirra hunda, er hann hreinsar, og árangur hreinsunarinnar á hvern hund.

62 Skál hann og fyrir nóvembermánaðarlok senda hreppsnefndinni afrit
 24. ágúst af þess árs skýrslu, en hreppsnefnd semji aðalskýrslu fyrir hreppinn, og sendi
 oddvita sýslunefndar fyrir desembermánaðarlok.

8. gr.

Fyrir lækning og böðun á hverjum hundi, skal greiða lækningamanni úr sýslusjóði kr. 1,00 í hvert sinn, en þá skal lækningamaður leggja til áhöld og annað, er til lækningarinnar þarf, að meðölum undanskildum.

9. gr.

Nú er hundi skotið undan lækningu, og skal þá lækningamaður tilkynna það hreppsnefndaroddvita þegar í stað. Honum skal þá skylt að aðvara rjettan eiganda hundsins tafarlaust um, að koma hundinum til lækningamanns innan sólarhrings frá því, að aðvörunin kemur til hans, ella verði hundurinn drepinn, án frekari tilkynningar. Kostnað við þetta má greiða úr hreppssjóði.

Sömuleiðis skal lækningamaður gjöra hreppsnefndaroddvita aðvart, ef hann verður var við ómerkta hunda í hreppnum.

10. gr.

Hreppsnefndir skulu brýna fyrir mönnum, að hlýtt sje fyrirmælum 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890, um að slátur það, sem sullmengað er, sje grafið svo djúpt í jörð niður, að hundar geti ekki náð því, eða að öðrum kosti að því sje brent.

11. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 5—200 króna sektum, er renna í sýslusjóð.

Mál, er rísa út af brotum á henni, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Með reglugjörð þessari er fallin úr gildi samskonar reglugjörð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu, dags. 13. apríl 1905, sem og önnur ákvæði, er koma í bága við hana.

Framanrituð reglugjörð var þannig samþykkt af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu í mars 1923.

Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, 24. ágúst 1923.

Einar M. Jónasson.